

Móttaka nemenda í 1. bekk

Gott samstarf er á milli leik- og grunnskóla um að brúa bilið milli skólastiga.

Það felst í heimsóknum á milli skólanna á bæði haust- og vorönn.

Skil fara á milli leik- og grunnskóla að hausti á starfsdögum grunnskólans áður en tilvonandi fyrsti bekkur hefur skólagöngu sína. Þá fer umsjónarkennari 1. bekkjar og sérkennari á fund með deildarstjóra og/eða leikskólastjóra þar sem farið er yfir stöðu hvers nemanda.

Að hausti

Á haustönn koma nemendur elsta árgangs leikskóla í sína fyrstu heimsókn þegar jólastöðvarnar eru. Þá taka þau þátt í jólastöðvum í 2 daga.

Að vori

Á vorönn koma leikskólanemendur 2 daga í senn í hverjum mánuði. Þau fylgja nemendum 1. bekkjar í 2 klst hvorn dag. Það er skipulagt þannig að þau nái að fara í allar kennslustundir a.m.k. einu sinni á önninni, þar á meðal list- og verkgreinar, íþróttir og sund ásamt bóklegum greinum.

Innritun

Fjölgreindaleikar eru haldnir í grunnskólanum í lok hvers skólaárs og er elstu leikskólanemendum boðið að taka þátt í þeim. Að loknum skóladegi seinni dags leikanna fer fram formleg innritun nemenda í 1. bekk. Nemendur mæta þá með foreldrum í skólann og geta farið um og skoðað allar kennslustofur og hitt alla kennara. Boðið upp léttar veitingar fyrir nemendur og foreldra. Nemendur hafa þá fengið formlegt boðsbréf í ásamt bæklingi með helstu upplýsingum.